

Nd. 158. Frumvarp til laga [69. mál]

um breytingu á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. des.)

1. gr.

Í 3. gr. laganna bætist ný mgr., sem verði 2. mgr., svohljóðandi:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að áður en gjald er lagt á saltsild samkvæmt 2. gr., skuli draga frá f. o. b.-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að gjald samkvæmt 2. gr. skuli ekki innheimt af edik-söltuðum síldarflokum og öðrum síldarflokum, sem verkuð eru á svipaðan hátt.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi framleiddu á tímabilinu 1. október til 31. desember 1981 nema 3,575% af f. o. b.-verðmæti útflutnings.

Tekjur af gjaldinu skiptast sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs, áhafnadeildar	32,3%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja:	
a) Til greiðslu á hluta af váttryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneyti setur	30,8%
b) Til aldurslagatryggingar til úthlutunar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	4,6%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs:	
a) Til Fiskveiðasjóðs	27,7%
b) Til Fiskimálasjóðs	1,2%
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1,6%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,9%
6. Til samtaka sjómanna	0,9%

Samtals: 100,0%

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að ekki skuli innheimta gjald samkvæmt 2. gr. af skreið, sem unnin er úr kolmunna, sem veiddur er á árunum 1981—1982 og að endurgreiða það gjald, sem þegar kann að hafa verið greitt af afurðum unnum úr kolmunna, sem veiddur var á árinu 1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.